

Matskyldufyrirspurn

Tímabundin notkun á eldissvæði í Seyðisfirði,
til að lengja hvíldartíma í Skötufirði

Svör og viðbrögð Háafells við umsögnum

Alls hafa umsagnir frá eftirtöldum aðilum borist; Ísafjarðarbæ og Súðavíkurbreppi sem gera enga athugasemd. Jafnframt frá Fiskistofu, Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands sem sendu inn greinargerð sem Háafell bregst við. Svör bárust ekki frá Strandabyggð.

Matvælastofnun

Varðandi tímabundna notkun á eldissvæði Háafells í Seyðisfirði telur Matvælastofnun mikilvægt að minnsta fjarlægð milli mismunandi kynslóða sé eigi styttri en 5 km við útmörk kvíastæða. Teiknað hefur verið upp nýtt kort sem sýnir fjarlægð á milli kvíastæða á eldissvæðunum á Ytra – Kofradýpi og Seyðisfirði sem er 2,84 sjómíllur eða rúmlega 5,2 km, sjá mynd 1. Teikningin er útfrá staðsetningum í Olex fyrir raun staðsetningu kvía í Kofradýpi og nýjum gögnum er varðar staðsetningu nýs eldissvæðis í Seyðisfirði.

Matvælastofnun kom því einnig á framfæri að breyta geti þurft rekstrarleyfi rekstraraðila þar sem sjókvíaldissvæði eru skilgreind í núverandi rekstrarleyfi og er tilkynnt framkvæmd ekki í samræmi við það. Háafell mun hafa samband við Matvælastofnun varðandi þetta mál.

Fiskistofa

Ábendingar Fiskistofu varða laxalús eins og bent er á matskyldufyrirspurn „Það er því hugsanlegt að rek laxalúsarlirfa aukist á milli eldissvæða (árgangasvæða) við þessa breytingu og er því gert ráð fyrir mótvægisáðgerðum.“ Háafell er meðvitað um hugsanlegu aukningu á reki laxalúsarlirfa og í því samhengi hefur verið horft til mótvægisáðgerða líkt og voru raktar í greinargerð Háafells. Síðan henni var skilað inn hefur verið gerðu samningur við Stingray og því staðfest að í fyrsta skipti hér á landi notaður leyser til að drepa laxalúsina á fiskinum. Notaður verður leyser búnaður frá Stingray Marine Solutions AS og er nánari upplýsingar um búnaðinn að finna á vefsíðu félagsins:

<https://www.stingray.no/>

Hafrannsóknastofnun

Hafrannsóknastofnun bendir á að fleiri vandamál en lús, geta komið upp eins og smit á vírusum (t.d. blóðþorri) og því mikilvægt að hafa fjarlægðir milli eldissvæða eins miklar og hægt er. Í þessu samhengi bendir Háafell á að valið er kvíastæði í Seyðisfirði sem er í rúmlega 5 km fjarlægð frá kvíastæði í Ytra-Kofradýpi. Þar er m.a. haft til viðmiðunar ákvæði í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi að eigi sé styttri vegalengd en 5 km miðað við útmörk hvernar fiskeldisstöðvar.

Hafrannsóknastofnun bendir á að mikilvægt er að vakta vel lífrænt álag á nýju eldissvæði og fylgjast sérstaklega með sjúkdómsvöldum og sníkjudýrum. Háafell mun vakta þessa þætti á meðan á eldinu stendur.

Hafrannsóknastofnun bendir er á að takmarkaðar tímaráðir mælinga á súrefni (mettun og styrkur) eru til staðar fyrir Seyðisfjörð. Því er æskilegt að framkvæmdaraðili sé meðvitaður um að fylgjast

með súdefnisástandi við botn áhrifasvæðis þar sem lífrænt álag getur valdið súdefnisskortum þar. Háafell mun vera með vöktun sérstakleg í dýpsta svæðinu í nágrenni við sjókvíarnar og mæla þar hugsanlegar breytingar á súdefnisinnihaldi sjávar niður við botn á meðan á eldinu stendur. Samningur um vöktun á svæðinu verður gerður við Náttúrustofu Vestfjarða þar sem m.a. er gert ráð fyrir vöktun á súdefnisinnihaldi sjávar.

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun bendir á að um starfsleyfisskylda framkvæmd er að ræða, sbr. lög nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018, og að breyta geti þurft starfsleyfi framkvæmdaraðila, þar sem sjókvíaldissvæði eru skilgreind í leyfinu. Háafell mun hafa samband við Umhverfisstofnun varðandi þetta mál.


Umhverfisstofnun bendir þó á að ganga þarf úr skugga um að eldissvæði sjókvíaldissvæðis A fái nægjanlega hvíld ef sjókvíaldissvæðið verður ekki hvílt í heild sinni fyrr en eftir slátrun kynslóðar sem sett verður út í Ytra-Kofradýpi árið 2026, þar sem stutt er á milli eldissvæða. Háafell mun hafa þannig fyrirkomulag við slátrun að lokið verður við að tæma fiska af eldissvæðinu Seyðisfjörður minnst tveimur mánuðum áður en fiskur fer inn á eldissvæðið Ytra-Kofradýpi.

Umhverfisstofnun bendir á að ef breyta þarf leyfum framkvæmdaraðili að meta þarf þau áhrif sem framkvæmdin mun hafa á öll vatnshlot innan svæðisins samkvæmt þeim gæðabáttum og viðmiðunarmörkum sem eru sett fram í vatnaáætlun Íslands 2022 – 2027 áður en leyfum væri breytt. Háafell mun hafa samráð við Umhverfisstofnun varðandi þetta mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur undir ábendingar í umsögn Umhverfisstofnunar frá 5. febrúar 2024 er varða mikilvægi þess að samræma vöktun við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og að almennt eigi að dreifa lífrænu álagi eins og mögulegt er. Þá er tekið undir ábendingu í umsögn Hafrannsóknarstofnunar (einnig frá 5.2.2024) um að taka þurfi tillit til þess að upplýsingar um súdefnismettun og -styrk í Seyðisfirði eru takmarkaðar og vakta þarf súdefnisástand við botn áhrifasvæðis vandlega. Varðandi viðbrögð Háafells er vísað til þess sem fram kemur hér að framan í svörum við umsögn Hafrannsóknarstofnunar og Umhverfisstofnunar.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur undir ábendingu Hafrannsóknarstofnunar um að einnig þurfi að tryggja nægjanlegar fjarlægðir milli eldissvæða til að forðast veirusmit eins og blóðþorra. Áætlaðar fjarlægðir eru yfir lágmarksörkum (5 km) en einungis rétt svo þar sem fjarlægðin er minnst. Mikilvægt er því að vöktun á mögulegu smiti sé markviss. Hér er vísað til viðbragða við umsögn Hafrannsóknarstofnunar hér að framan.



Mynd 1. Fjarlægð á milli kvíastæða á eldissvæðinu Ytra Kofradýpi og Seyðisfjörður.